

## Félagsmálaráðuneytið

---

Stöðuskýrsla nr. 7 til ráðgefandi aðila

### Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19

Dagsetning: 6.11.2020

*Efni: Stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19.*

Félagsmálaráðuneytið, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga komu á fót teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins þann 26. maí sl. sem ætlað er að miðla og safna upplýsingum um stöðu félags- og atvinnumála á landsvísi og fylgja eftir aðgerðum ríkisstjórnarinnar er það varðar.

Uppbyggingarteymið fundar að jafnaði aðra hverja viku og gefur út stöðuskýrslur í kjölfar þeirra sem dreift verður til hlutaðeigandi og ráðgefandi aðila. Tekið er við ábendingum, beiðnum og fyrirspurnum tengdum félags- og atvinnumálum á netfangið, [vidbragd@frn.is](mailto:vidbragd@frn.is).

Í stöðuskýrslu 7 er að finna upplýsingar um fjölda og samsetningu þess hóps sem að öllu óbreyttu fullnýtir rétt sinn í atvinnuleysistryggingakerfinu næstu mánuði. Einnig var ákveðið að athuga stöðuna á félagasamtökum miðað við hertar sóttvarnarráðstafanir og skoða umfang COVID smita í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk. Að endingu er stutt samantekt frá fundi félags- og barnamálaráðherra með helstu hagsmunaaðilum á húsnæðismarkaði þar sem til umræðu var staða heimilanna á tímum COVID-19.

#### Áhugavert í sjöundu stöðuskýrslu

- Vinnumálastofnun býst við því að um **100 einstaklingar** muni að jafnaði fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta í hverjum mánuði fram í júlí á næsta ári.  
**Hér má nálgast upplýsingar um fjölda þeirra sem að óbreyttu fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta næstu mánuði skipt niður á sveitarfélög, kyn og þjóðerni.**
- Alls hafa **sjö notendur og 47 starfsmenn sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk** farið í einangrun vegna COVID smits í þriðju bylgju faraldursins.
- Farsóttarþreytu er farið að gæta hjá skjólstaðingum, starfsfólki og sjálfboðaliðum félagasamtaka í þriðju bylgju faraldursins og finna þau fyrir aukinni eftirspurn ungmenna eftir þjónustu sem **upplifi depurð, kvíða og einmannaleika**.
- Þótt staðan á fasteigna- og leigumarkaði sé á margan hátt góð, lágir vextir, lítil vanskil, kostir til endurfjármögnunar góðir og leiguverð hafi haldist stöðugt þá er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að huga að **yfirvofandi framfærsluvanda** sem óhjákvæmilegra afleiðinga atvinnuleysis sem dregst á langinn eftir því sem faraldurinn varir lengur. Þetta voru leiðarstef samráðsfundar sem félags- og barnamálaráðherra hélt með hagsmunaaðilum á fasteigna- og leigumarkaði þann 28. október síðastliðinn.


## Þeir sem fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta næstu mánuði

Nokkuð hefur verið rætt um það að fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélaga vegna fjárhagsaðstoðar til framfærslu muni aukast á næstu misserum. Fram kom í máli **Sigurðar Á Snævarr, sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs** Sambands íslenskra sveitarfélaga á *Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2020* þann 1.-2. október sl. að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga rjúki ekki strax upp í kjölfar aukins atvinnuleysis, en að hún þyngist byrðin eftir því sem samdráttur og aukið atvinnuleysi vari lengur. Samband íslenskra sveitarfélaga gerði könnun meðal tíu stærstu sveitarfélaganna sem sýndi að útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar væru 30% hærri milli ára 2019 og 2020. Þá kom fram í máli Sigurðar að gera mætti ráð fyrir því að útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar ykjust um 60% næstu árin.

Í ljósi þessa leitaði uppbyggingarteymið upplýsinga frá Vinnumálastofnun um fjölda og samsetningu þess hóps sem væri að fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta næstu átta mánuðina.

Nákvæma greiningu á því niður á sveitarfélög, kyn og þjóðerni má nálgast á sérstakri **PowerBI vefslóð** sem er aðgengileg öllum þeim aðilum sem áhuga hafa á því að sjá upplýsingarnar skiptar niður á sveitarfélög.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun munu að óbreyttu á bilinu 100-180 einstaklingar fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta í hverjum mánuði fram á mitt ár 2021.



Mynd 1: Fjöldi sem að óbreyttu fullnýtir rétt sinn til atvinnuleysisbóta í hverjum mánuði frá nóv 2020-jún 2021 á öllu landinu.

Þegar horft er á heildina þá munu að óbreyttu 1.104 einstaklingar fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta á öllu landinu fram á mitt ár 2021, þ.e. um 6% atvinnulausra skv. tölum septembermánaðar frá Vinnumálastofnun.

Hámarkslengd bótatímabils er í dag 30 mánuðir og sökum þess hefur hin hratt versnandi staða á vinnumarkaði ekki eins mikil áhrif á fjölda þeirra sem ljúka bótarétti sínum til skamms tíma. Staðan á íslenskum vinnumarkaði var nokkuð góð fyrir núverandi niðursveiflu og atvinnuleysi lágt sem skilar sér í því hve fáir einstaklingar eru að fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta næstu mánuði.

Þegar metnar eru upplýsingar um þann fjölda sem er að fullnýta bótarétt sinn næstu mánuði þarf skv. Vinnumálastofnun að hafa tvennt í huga. Annars vegar þá staðreynd að afar ólíklegt er að ætla að allir þeir einstaklingar sem að óbreyttu munu fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta næstu mánuði verði ennþá atvinnulausir þegar þeir missa bótarétt sinn þ.e. þeir munu finna vinnu eða fara í nám áður en bótarétti lýkur. Í ljósi stöðunnar á vinnumarkaði gerir Vinnumálastofnun einungis ráð fyrir því að um 100 einstaklingar muni að jafnaði fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta á mánuði fram á mitt næsta ár.


Í öðru lagi þarf að líta til reynslunnar frá 2008-2014 sem segir að einungis lítið hlutfall þeirra sem fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta muni að því tímabili loknu hafa tekjur sínar gegnum fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. **Í könnunum frá desember 2014** sem Vinnuálastofnun fól Maskínu að framkvæma meðal fyrrum bótaþega stofnunarinnar kom í ljós að um 27% úrtaksins sem fullnýtt höfðu bótarétt sinn hjá stofnuninni sóttu um fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá sveitarfélagi. Það er því alls ekki einboðið að stærstur hluti þeirra sem fullnýti rétt sinn til atvinnuleysisbóta sækir um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

## Staðan hjá sveitarfélögum

Samræmdur spurningalisti var sendur til 31 sveitarfélags/félagsþjónustusvæðis þann 29. október sl. þar sem þau voru beðin um upplýsingar um fjölda COVID smitaðra einstaklinga og starfsmanna í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk í þriðju bylgju faraldursins. Einnig var beðið um upplýsingar um fjölda einstaklinga og starfsmanna sem þurft hafa að sæta sóttkví. Alls bárust svör frá 21 sveitarfélagi/félagsþjónustusvæði.

Fram kom í svörum sveitarfélaga að alls hafi sjö notendur og 47 starfsmenn sértækra húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk farið í einangrun vegna COVID smits. Flest smitin komu upp í Reykjavík eða þrjú meðal notenda og 31 meðal starfsmanna, þar á eftir kom Garðabær þar sem upp kom eitt smit hjá notanda og sex meðal starfsmanna.

Spurð um fjölda þeirra notenda og starfsmanna sem þurft hafa að sæta sóttkví kemur í ljós að 88 notendur og 276 starfsmenn hafi þurft að sæta sóttkví í þriðju bylgju faraldursins. Á myndinni má sjá dreifingu þeirra notenda og starfsmanna eftir sveitarfélögum.



Mynd 2 Fjöldi notenda og starfsmanna í sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk sem hafa þurft að sæta sóttkví í þriðju bylgju faraldursins.

Fram kemur í svörum sveitarfélaga að nokkrar áskoranir séu fólgnar í því þegar starfsmenn og/eða notendur þurfi að sæta sóttkví, kostnaður sé hár og erfitt geti reynst að manna vaktir. Þá getur aukin hólfaskipting haft í för með sér aukinn kostnað við mönnum á vöktum. Fram kemur að nauðsynlegt sé að huga að starfsfólki, starfsumhverfi og auknu álagi á svona tímum.

## Staðan hjá félagasamtökum

Samræmdur spurningalisti var sendur til 26 félagasamtaka þann 29. október sl. þar sem þau voru spurð hvort ný brýn verkefni hefðu bæst við í þriðju bylgju COVID-19 heimsfaraldursins. Alls bárust svör frá 14 félagasamtökum.

Greinilegt er af svörum félagasamtaka að ákveðinnar farsóttarþreytu er farið að gæta hjá starfsfólki og sjálfboðaliðum ekki síður en skjólstæðingum sem framkallast í kæruleysi við sóttvarnir og áskorunum við framkvæmd jafnvel einfaldra verkefna. Nokkuð áhugaverður punktur kom fram um þann skilning sem allir í samfélaginu þurfa að sýna hvort öðru núna sem snúa að streitu, hvíldartíma og líðan. Allt eru þetta hlutir sem við þurfum í sameiningu að standa vörð um og hafa í huga á næstu vikum þegar það reynir á þrautseigju og farsóttarþol.

Á sviði nýrra brýnna verkefna mátti helst greina vaxandi þjónustu við ungt fólk og áhyggjur félagasamtaka af vanlíðan þess hóps í faraldrinum. Bergið headspace, Foreldrahús og Rauði krossinn segjast öll hafa þurft að bregðast við aukinni eftirspurn ungmenna í þjónustu sína. Þau segja ungmenni lýsa mikilli vanlíðan vegna skerts íþróttá-, frístunda- og skólustarfs á mikilvægum mótunarárum þar sem þörfin fyrir félagslegt samneyti er mikil. Inn í þetta geta blandast aðrar áskoranir eins og atvinnumissir foreldra og áhyggjur þeirra af geðheilsu barnsins og afkomu heimilisins. Slíkt ástand getur magnað upp vandamál ofan á áhrifin af einangrun og þolinmæði fólks í faraldrinum.

Félagasamtök hafa sýnt mikla útsjónarsemi með hliðsjón af mismunandi sóttvarnarráðstöfunum en oft á tíðum byggir starfsemi þeirra á því að tjúfa félagslega einangrun, hitta fólk og láta fólk hitta aðra. Með auknum takmörkunum á þeim fjölda sem koma má saman verður erfiðara að hjálpa fólki eins og í tilfelli matarúthlutana, fatasafnana, námskeiða og annarra úrræða. Annað sem áhrif hefur á starfsemi félagasamtaka er tekjuöflun þeirra, en fram kemur í svörum sumra að mikilvægar tekjulindir hafi dregist saman og jafnvel horfið á sama tíma og ásókn í þjónustuna hefur stóruaukist. Þörf þeirra fyrir frekari tekjur og styrki er því nauðsynleg til þess að geta haldið úti þjónustustigi sem mætir eftirspurn að þeirra mati.

Félagasamtök segja einangrun leggjast þungt í marga hópa sem finni sig bjargarlausa og eru þá innflytjendur og aldraðir sérstaklega nefndir í þeim efnum. Landssamtökin Þroskahjálp hafa unnið mikið með þjónustuaðilum í þriðju bylgju og segja samstarfið hafa gengið vel. Þau segja brýnustu verkefni þar hafa legið í því að hvetja ólíka aðila til þess að halda starfsemi og þjónustu við fatlaða gangandi (ekki loka) með öllum ráðum og dáðum með tilliti til þeirra takmarkana sem í gildi eru. Svo virðist sem það hafi tekist en samtökin hafa þó ákveðnar áhyggjur af starfsemi starfsbrauta í framhaldsskólum í þeim efnum þar sem það er afar misjafnt eftir skólum hvernig náminu er háttað.

Hjá Heimilisfriði, meðferðar- og þekkingarmiðstöð um ofbeldi í nánnum samböndum, hefur mánaðarlegum viðtölum við gerendur í ofbeldismálum fjölgað um 70% frá því á fyrstu mánuðum ársins. Að sögn Heimilisfriðar er þar fyrst og fremst að þakka aukinni umræðu um heimilisofbeldi og vitundarvakningu í þeim efnum á tímum COVID-19.

## Staða heimilanna á tímum COVID-19

Í ljósi efnahagsþrenginga boðaði félags- og barnamálaráðherra til samráðsfundar um stöðu heimilanna í gegnum fjarfundabúnaðinn Zoom miðvikudaginn 28. október sl. Markmið fundarins var að heyrast sjónarmið og stöðumat þeirra hagsmunaaðila sem eru á húsnæðismarkaði og meta í framhaldinu þörfina fyrir frekari aðgerðir til að verja heimilin gegn þeim áhrifum sem aukið atvinnuleysi og samdráttur í samfélaginu hefur ollið og mun valda í vetur.

Til fundarins mættu fulltrúar fasteignaeygenda, leigjenda, leigusala, lánveitenda, opinberra stofnana auk hagsmunasamtaka á húsnæðismarkaði.

Fram kom á fundinum að staðan á fasteignamarkaði væri að mörgu leyti mjög góð. Vextir hafa verið lágir, möguleikar til endurfjármögnunar hafa verið góðir, vanskil af bæði fasteigna- og neytendalánunum eru lítil og eiginfjárstaða fólks er á heildina góð. Áskoranirnar fram undan lúta að lausafjár- og framfærsluvanda og þar eru líkur til þess að hópar í samfélaginu muni lenda í vandræðum þegar líða tekur á veturinn.

Fram kom í máli lánveitenda að nokkur sveigjanleiki og úrræði væru til staðar sem fasteignaeigendur og skuldarar nýttu sér við upphaf fyrstu bylgju COVID-19 heimsfaraldurs. Fyrstu viðbrögð fólks virtust vera að nýta sér öll þau úrræði sem í boði voru og þá nýttu margir sér leiðir til greiðslufrýstingar, greiðsludreifingar og skattfrjálsa útgreiðslu séreignarlífeyrissparnaðar. Með sumri og hausti hafi hins vegar verulega dregið úr nýtingu á þessum úrræðum sem verður að teljast áhugavert í ljósi þróunar faraldursins og aukins atvinnuleysis.

Staða leigufélaga og leigjenda er að sumu leyti frábrugðin stöðu fasteignaeigenda/skuldara. Leigufélögum stóð til boða greiðsluhlé hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til þess að geta sýnt ákveðinn sveigjanleika við greiðsludreifingu til leigjenda sem margir nýttu sér. Hins vegar kom fram í máli fulltrúa leigufélaga á fundinum að svigrúm þeirra til úrræða fyrir leigjendur væri ekki það sama og hjá hinu opinbera og bönkunum, leigutekjur væru einu tekjur slíkra félaga og því myndu slíkir aðilar styðja allar aðgerðir sem væru til þess gerðar að koma í veg fyrir framfærsluvanda fólks. Einnig kom fram áhersla á mikilvægi þess að halda vaxtastiginu áfram lágu.

Það var álit flestra að mikilvægast núna væri að huga að yfirvofandi framfærsluvanda áður en hann yrði að skuldavanda. Aukið atvinnuleysi mun hafa áhrif á greiðslugetu margra þegar líða fer á veturinn hvort sem fólk býr í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði og var þá jafnvel nefnt að um ákveðið „svikalogn“ gæti verið að ræða á markaðnum í dag. Fram kom í máli Ölmú leigumiðlun að farið væri að gæta greiðsluþunga hjá mörgum heimilum þar sem tekjufallið hefði verið mikið og voru leigjendur á Suðurnesjum nefndir í því samhengi. Engu að síður kom fram í máli Íslandsbanka að vanskil vegna fasteignalána væru ekki hærri á því svæði samanborið við önnur.

Þegar rædd voru næstu skref lögðu fulltrúar bankanna og fleiri fundargestir áherslu á einstaklingsnálgun og nýtingu rafrænna lausna. Stjórnvöld voru hvött til að forðast óraunhæfar væntingar um almenn úrræði fyrir stóra hópum en nálgast viðfangsefnið út frá þeim hópum sem sannanlega þyrftu aðstoð. Hagsmunasamtök heimilanna töldu hins vegar nauðsynlegt að draga lærdóm af hruninu og forðast þröng úrræði sem nýttust fáum.

Ýmsar tillögur til aðgerða komu fram til þess að mæta væntum framfærsluvanda heimilanna, m.a. um tímabundna framlengingu tekjutengdra atvinnuleysisbóta, hækkun grunnfjárhæðar atvinnuleysisbóta auk lækkunar á fasteignagjöldum. Lenging hlutabótaleiðar var einnig nefnd sem mikilvægt úrræði auk þess sem að tillaga VR í samstarfi við ASÍ um svokölluð stuðningslán fyrir heimilin var sett fram með stuðningi Hagsmunasamtaka heimilanna.

Félags- og barnamálaráðherra hefur lagt til að skipaður verði stýrihópur sem ætlað er að skila tillögum að raunhæfum og markvissum aðgerðum með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram komu á fundinum.